

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Matarþjónusta að Eirhömrum

**Dags:** 9. september 2024

**Málsnúmer:** 202408164/11.0

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að Mosfellsbær niðurgreiði máltíðir til þeirra einstaklinga sem þurfa á heimsendingu matar að halda, og þannig greiði umræddir aðilar 70% af kostnaðarverði máltíða frá Eir. Einstaklingar sem matast í þjónustumiðstöð Eirhamra munu ekki njóta niðurgreiðslu af hálfu Mosfellsbæjar. Kostnaðarhækkun sem af þessu hlýst, sé miðað við að verð máltíða hækki frá 1. september nk., gæti orðið um 800.000 kr. á þessu ári. Ekki er áætlað fyrir þeirri hækkun fyrir árið 2024.

Lagt er til að bæjarráð samþykki að undirritaður verði samningur milli Mosfellsbæjar og Eir um veitingu matarþjónustu.

### Greinargerð:

Málið var tekið fyrir á 21. fundi velferðarnefndar hvar óskað var eftir formlegri afgreiðslu bæjaráðs á tillögum. Velferðarnefndin er jákvæð fyrir niðurgreiðslu máltíða þeirra einstaklinga sem þurfa á heimsendingu matar að halda og leggur til að gerð samnings um þjónustuna verði skoðuð í kjölfar niðurstöðu innri endurskoðunar á samningum við Eir. Einnig vísar velferðarnefnd málinu til kynningar í öldungaráði.

Mosfellsbær leigir eldhús og matsal á 1. hæð þjónustumiðstöðvar Eirhamra. Þar er reiddur fram hádegismatur alla daga og er matarþjónustan til samræmis við þjónustu sem er á ábyrgð sveitarfélaga og veitt í þjónustumiðstöðvum aldraðra skv. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þann 7. júlí 2005 var undirritaður rammisamningur milli Mosfellsbæjar og Eir þar sem kom fram að Eir myndi annast þá þjónustu sem Mosfellsbær ákveður að veita frá þjónustumiðstöðinni. Ekki hefur verið um sérstakan samning um matarþjónustu í Eirhömrum að ræða milli Mosfellsbæjar og Eir.

Fyrir í sumar barst undirritaðri erindi frá Eir þar sem þess er óskað að fyrirkomulag matarþjónustu í Eirhömrum verði endurskoðað og samningur undirritaður milli aðilanna.

### Núverandi fyrirkomulag

Maturinn er framleiddur í eldhúsi Eir í Grafarvogi og sendur í Eirhamra. Er þar um að ræða bæði þann mat sem er seldur á staðnum en einnig þær máltíðir sem eru sendar heim til þeirra sem ekki geta matast á staðnum. Í hverjum mánuði eru seldar um 1.700 máltíðir í Eirhömrum, þar af í kringum 500 máltíðir í heimsendingu. Almennt verð á máltíðinni er 1.350kr. skammturinn en niðurgreitt matarverð er 950kr. Verð hefur staðið óbreytt í nokkur ár og bendir Eir á að þörf sé að hækka verðið til að það nái raunkostnaði. Til samanburðar er almennt verð í þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar 1.640 kr. máltíðin, 1.020 fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja og 940 kr. í heimsendingu, en samanburð á verðum nokkurra sveitarfélaga má sjá í töflu aftast í skjalinu. Einhver misbrestur hefur verið af hálfu Eir vegna

Þessa og hafa allar máltíðir verið seldar á 950kr. og því enginn greitt almennt verð. Gert var ráð fyrir því að Mosfellsbær myndi greiða niður máltíðir fyrir þann hóp sem fær heimsendan mat eða þann hóp sem er í þjónustu velferðarsviðs en hefur Eir hvorki sinnt því að rukka Mosfellsbæ fyrir niðurgreiðsluna né látið niðurgreitt verð ráðast af því hvort fólk sé í þjónustu eða ekki. Þannig hefur, eins og áður sagði, Eir selt allar máltíðir á 950kr.

Nú hefur Eir tilkynnt Mosfellsbæ um að verð máltíða muni hækka til að taka mið af kostnaðarverði og Mosfellsbær muni bera kostnað af niðurgreiðslu þeirra máltíða sem bærinn tekur ákvörðun um að niðurgreiða. Einnig hefur Eir óskað eftir því að Mosfellsbær sjái um innheimtu á greiðslum fyrir þær máltíðir sem verða á vegum sveitarfélagsins.

### Tillaga um nýtt fyrirkomulag

Miðað við núverandi fyrirkomulag og verð, það er að allar máltíðir séu niðurgreiddar um 400 kr. í þjónustumiðstöð Eirhamra væri slíkt kostnaður upp á 680.000 kr. á mánuði, eða 8,2 m.kr. á ári. Kostnaður vegna niðurgreiðslu máltíða til þeirra einstaklinga sem geta hvorki aflað sér matar sjálfir né matast í þjónustumiðstöð Eirhamra, sem eru um 500 máltíðir á mánuði er, miðað við núverandi verð máltíða, um 200.000 kr. á mánuði, eða 2,4 m.kr. á ári.

Lagt er til að samhliða hækkun Eirar á kostnaði við máltíðir verði samþykkt að Mosfellsbær niðurgreiði máltíðir til þeirra einstaklinga sem þurfa á heimsendingu matar að halda, og þannig greiði þeir einstaklingar 70% af kostnaðarverði máltíðarinnar. Einstaklingar sem matast í þjónustumiðstöð Eirhamra njóta ekki niðurgreiðslu af hálfu Mosfellsbæjar. Kostnaðarhækkun sem af þessu hlýst, sé miðað við að verð máltíða hækki frá 1. október nk. og ef um óbreytt verð máltíða sé að ræða, gæti orðið um 600.000kr. á þessu ári. Ekki er áætlað fyrir þeirri hækkun fyrir árið 2024.

Einnig er lagt til að velferðarnefnd samþykki að undirritaður verði samningur milli Mosfellsbæjar og Eir um veitingu matarþjónustu eins og Eir hefur óskað.

	Stök máltíð	Heimsendur matur	Akstur	Heimsendur matur með akstri
Mosfellsbær*	1.350/950	950	327	1.277
Hafnarfjörður	1.032	968	356	1.324
Kópavogur	1.253	1.253	482	1.735
Reykjavík**	1.640/1.020/940	940	255	1.195
Garðabær	1.650	1.820	0	1.820
Akranes		1.443	207	1.650
Akureyri		1.653	141	1.794
Ísafjörður				1.870

\* Uppgefið almennt verð/Niðurgreidd máltíð fyrir einstaklinga í þjónustu

\*\*Almennt verð/Ellilífeyrisþegar og öryrkjar/Heimsendur matur

*Virðingarfyllst,  
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*